

Að læra að læra.

Námsstílslíkan Dunn og Dunn sem leið í einstaklingsmiðuðu námi.

Þróunarverkefni í Snælandsskóla skólaárið 2008-2009

Ímyndaðu þér ef þú sjálf/ur mættir velja! Ímyndaðu þér að þú sért að fara að læra eitthvað nýtt, erfitt, fræðilegt efni, t.d. erlent tungumál, prósentureikning, nýjan bókstaf eða eitthvað annað sem þú telur erfitt. Hvernig vildirðu helst að námið færi fram? Hvaða þarfir hefur þú og hvaða kröfur gerir þú til þess að ná sem bestum árgangri. Viltu fyrst lesa textann, hlusta á kennarann, horfa á efnið á myndbandi, tala og rökræða við einhvern, gera tilraunir eða upplifa efnið í raunveruleikanum? Hvernig viltu helst hafa húsgögnin, lýsinguna, hitann, bakgrunnshljóðin? Viltu vinna einn eða með öðrum? Viltu að kennarinn fari vel í efnið fyrst eða bara gefi lauslegt yfirlit? Hvenær dagsins finnst þér best að læra? Hefur þú þörf fyrir að hreyfa þig af og til? Vinnur þú betur ef þú færð eitthvað að drekka eða borða á meðan þú vinnur? Eitthvað annað? Í raun er verið að spyrja okkur hvernig okkur gengur best að læra og við hvaða aðstæður okkur líður best þegar við erum að læra nýja hluti.

Snælandsskóli fékk styrk úr Þróunarsjóð Grunnskóla fyrir skólaárið 2008-2009 til þess að vinna að verkefni sem kallast Að læra að læra – Námsstílslíkan Dunn og Dunn sem leið í einstaklingsmiðuðu námi. Námsstíll er þýðing á enska hugtakinu „learning style“. Námsstíll snýst um styrkleika okkar, hvernig okkur gengur best að læra og við hvaða aðstæður okkur líður best þegar við lærum nýja og erfiða hluti. Höfundar námsstílslíkans Dunn og Dunn eru dr. Rita Dunn og dr. Kenneth Dunn. Hornsteinn kenninga þeirra er að flestir geti lært séu þeim búnað réttar aðstæður til þess. Námsstílslíkanin er skipt í 5 flokka. Í hverjum flokki eru nokkrir þættir. Alls eru þessir þættir 21 talsins:

- **Umhverfi** – hljóð, lýsing, hitastig og húsbúnaður.
- **Tilfinningar** – áhugahvöt, þrautseigja, ábyrgðartilfinning, þörf fyrir skipulag (reglu).
- **Félagslegir þættir** – vinnur best einn, með öðrum, í litlum hópi eða í teymi, með stjórnanda (fullorðnum), breytileiki (mismunandi hópar).
- **Lífeðlisfræðilegir þættir** – skynjunarþættir- sjónrænt, heyrnrænt, snerting, hreyfing (læra með því að gera hlutina) , þörf fyrir mat og drykk, tími dagsins, þörf fyrir hreyfingu.
- **Sálfræðilegir þættir** – heildræn hugsun, greinandi hugsun, virkni vinstra eða hægra heilahvels, hvatvísi, ígrundun

Það getur verið erfitt fyrir foreldra að átta sig á því að börnin þeirra eru ólík. Foreldrar bera gjarnan börn sín saman og undrast hversu ólík þau eru og oft ólík foreldrunum. Í raun er hvert barn einstakt. Gott er fyrir foreldra að hafa eftirfarandi spurningar í huga þegar þeir fylgjast með barni sínu til þess að finna út námsstíl þess:

- Hvað finnst barninu mínu gaman að gera?
- Hverjar eru sterkar hliðar barnsins míns?
- Í hvernig umhverfi líður barninu mínu best?
- Hvenær er barnið mitt virkilega niðursokkið?

Skólinn fékk styrk til eins árs en áætlunin nær til allt að fimm ára. Þetta skólaár höfum við aðallega notað til þess að lesa okkur til. Skipulagsdaginn 25. febrúar og eftirmiðdaginn 26. febrúar vorum við með námskeið fyrir starfsfólk skólans. Leiðbeinandi á námskeiðinu var danskur námsstílsérfræðingur Helle Fisker. Hún hjálpaði okkur að komast vel af stað og vonumst við til að geta haldið vel áfram fram á vor og svo tekið upp þráðinn næsta haust. Til gaman má geta þess að fleiri skólar í Kópavogi svo og Háskóli Íslands nutu góðs af heimsókn Helle til okkar. Eins og annað í góðu skólastarfi er góð samvinna foreldra og kennara forsenda þess að vel takist til. Oftast er það þannig að foreldrarnir þekkja barnið sitt best. Við hyggjumst því kynna ykkur verkefnið nánar næsta haust bæði á heimasíðunni okkar og á foreldrafundum og hlökkum til góðrar samvinnu.

Nánari upplýsingar um námsstílslíkan Dunn og Dunn má finna á vefsíðunni
http://starfsfolk.khi.is/ingvar/namsstilar_dunn/